# AUGLÝSING

## um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 27. apríl 1979 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

39. gr. a. orðist svo:

Heimspekileg forspjallsvísindi skal kenna í öllum deildum og námsbrautum háskólans og einkunn vera veginn hluti af lokaeinkunn í samræmi við reglur hverrar deildar eða námsbrautar.

Kennarar í heimspeki við heimspekideild skipuleggja kennsluna undir verkstjórn prófessorsins í heimspeki, sem gerir tillögur um námsefni og kennara til hverrar deildar og námsbrautar. Deild eða námsbraut ákveður hvort námsgreinin sé valfrjáls eða skyldugrein.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 27. apríl 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Árni Gunnarsson.*